



SORPHIRÐA FRÁ ÍBÚUM Í MÝRDALSHREPPI

Að undangengnu útboði hefur Mýrdalshreppur samið við Kubb ehf. um að annast söfnun úrgangs frá heimilum í sveitarfélaginu.

Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfislakningu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu. Eins og bæjarbúar hafa eflaust orðið varir við er farið að flokka eftir fjögurra tunnu kerfi, í stað þriggja, frá því Kubbur tók við sorphirðu í sveitarfélaginu. Helstu breytingar frá þriggja tunnu kerfinu eru að nú er farið að flokka pappír og pappa sérstaklega.

Samstarf við íbúa er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að allir finni hjá sér þörf til að vera hluti af því verkefni að minnka sorph og auka endurvinnslu. Þar með eru íbúar að sýna í verki vilja sinn til að búa í umhverfissvænna samfélagi sem mun auka lífsgæði allra.





GÁMASVÆÐI MÝRDALSHREPPS

OPNUNARTÍMI

Gámasvæði Mýrdalshrepps, Gámavellir, er að Smiðjuvegi 1a, þar er tekið á móti öllum flokkum sorps. Opið er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:00, föstudaga og laugardaga frá kl. 10:00 - 14:00. Opið er aðra hverja viku föstudaga og laugardaga.

Til að tryggja réttan farveg fyrir sorp sem losað er á Gámavöllum er afar mikilvægt að allt fari í rétta gáma og því skal fylgja merkingum og leiðbeiningum þar um.

FLOKKUNAR- LEIÐBEININGAR

Skannaðu QR-kóðann



INSTRUKCJA SORTOWANIA

Zeskanuj kod QR



SORTING INSTRUCTIONS

Scan the QR code



FREKARI UPPLÝSINGAR

Á heimasíðu Kubbs ehf., www.kubbur.is eru margvíslegar upplýsingar um sorp- og umhverfismál og verður leitast við að auka upplýsingar á síðunni enn frekar.

Á netinu er jafnframt að finna margar gagnlegar heimasíður um endurvinnslu og úrvinnslu sorps:

- Umhverfisstofnun - www.ust.is,
- Úrvinnslusjóði - www.urvinnslusjodur.is,
- Landvernd - www.landvernd.is
- Fagráð um endurnýtingu og úrgang - www.fenur.is



SORPTUNNUR Í MÝRDALSHREPPI

STAÐSETNING OG AÐGENGI

Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Íbúum ber skylda til að moka snjó frá sorptunnum. Festingar á tunnum skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur.

Ganga þarf vel frá tunnum fyrir veturinn og gæta þess að ekki fjúki úr þeim.

Til aðstoðar ætlar sveitarfélagið að bjóða íbúum upp á teygjur til að festa tunnulokin á sorptunnunum. Íbúar geta sótt teygjur á móttökustöð Vík. Jafnframt geta íbúar keypt tunnufestingar ef þeir óska.

YFIRFULLAR TUNNUR

Tunnur skulu ekki fylltar meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur geta valdið vandræðum og sóðaskap þegar þær eru losaðar. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er íbúum bent á söfnunarstöðvar.

AUKA SORPTUNNUR

Þarftu fleiri eða stærri tunnur? Allir þurfa að flokka í fjóra flokka við heimili en íbúar geta haft áhrif á fjölda tunna.

Óski fasteignareigandi eftir aukatunnu eða viðhaldi á tunnu getur hann sent tölvupóst á skrifstofa@vik.is. Gefa þarf upp heimilisfang, stærð og fjölda sorpílata sem óskað er eftir.

ÚTFÆRSLA Á SORPHIRÐU OG FLOKKUN VIÐ HEIMILI Í MÝRDALSHREPPI



ALMENNT



PAPPI



PLAST



LÍFRÆNT

Í Mýrdalshreppi er fjögurra tunnu kerfi. Drjár 240 lítra tunnur og ein 120 lítra tunna.

Almennt sorp er fyrir óendurvinnanlegt sorp.

Pappi er fyrir pappír, fernur og bylgjupappa.

Plast er fyrir plastflöskur plastumbúðir, plastpokar, plastfilmur og frauðplastumbúðir

Lífrænt er fyrir lífrænan úrgang eins og matarafganga, kaffikorg, eggjaskurn o.s.frv. Bein mega ekki fara í lífrænt sorp.



Losunaráætlun og opnunartími sorpmóttökustöðva/gámstöðva er birt á heimasíðu Mýrdalshrepps: www.vik.is sem og á heimasíðu Kubbs: www.kubbur.is

Skannaðu QR-kóðann til að fara beint inn á losunaráætlun.

SORP ER VERÐMÆTT

Draga má úr magni sorps með ýmsum aðferðum en þetta byrjar allt hjá okkur sjálfum en stór hluti af okkar innkaupum endar sem sorp, endurvinnanlegt sem og ekki. Hugsum áður en við kaupum og hugsum áður en við hendum. Þegar kemur síðan að því að sorp myndast er mjög mikilvægt að flokka sorpið í þá flokka sem eru í boði hverju sinni. Endurvinnsla umbúða er umhverfisvænni en frumframleiðsla á nýjum umbúðum og söfnun og jarðgerð á lífrænum úrgangi kemur í veg fyrir myndun metans þegar lífrænn úrgangur er urðaður. Gott er að minnka rúmtak umbúða með því að rífa þær niður eða brjóta saman til að koma í veg fyrir að tunnur yfirfyllist.

Sýnum ábyrgð í umhverfismálum og stuðlum að aukinni endurvinnslu. Hvert kílógramm af sorpi kostar mikla peninga en með lágmörkun sorps og aukinni flokkun er hægt að skila ábatanum beint í vasa almennings og fyrirtækja.

Kubbur ehf Kirkjuból 3, 400 Ísafjörður, Sími 456 4166, kubbur@kubbur.is

Kubbur er endurvinnslufyrirtæki sem sinnir sorphirðu fyrir sveitarfélög víða um land.